



Kennsluleiðbeiningar
við Vonarstræti eftir Ármann Jakobsson

Ásgerður Bergsdóttir
Desember 2009

Áður en lestur/umræður hefjast í bekk:

Rétt er að benda á að margar heimildir er að finna í ævisögu Skúla Thoroddsen eftir Jón Guðnason og í ævisögu Hannesar Haftein eftir Guðjón Friðriksson.

Hvað vita/vissu nemendur um Skúla og Theódóru Thoroddsen (áður en þeir lásu bókina)?

Höfðu nemendur heyrt aðra menn nefnda á nafn? Hverja þá? Hversu mikið vissu þeir um þessa menn?

Áður en lestur hefst er hægt að útdeila nöfnum á helstu persónum (8-10) til nemenda og láta þá skrifa stuttlega um þá, ýmist eina eða í para-/hópavinnu. Þá er hægt að styðjast við nafnalistann aftast í bókinni.

Þegar lestur hefst:

Á saurblaði er vísa. Hvað merkir önnur línan? Hver á að bera Theódóru í Vonarstræti? Hvað finnst nemendum þessi vísa merkja? (þarna má benda nemendum á draugatrú Theodóru. Ætlar Theodóra að ganga aftur í Vonarstræti?)

Í fyrstu línunum bókarinnar er minnst á uppreisn og hörmungar sem Theodóra sá ekki fyrir. Skemmir það fyrir að segja frá slíkum „fyrirboðum“? Rökstyðjið skoðun ykkar. Dettur ykkur aðrar sögur/bækur þar sem fyrirboðar koma fram? (þarna má benda nemendum á Íslendingasögurnar með öllum sínum fyrirboðum. Ræða má fram og aftur um fyrirboða og hvað þeir gera fyrir sögur)

HÖFUÐBORGIN

– 1 –

Eftirfarandi verkefni geta verið ritunarverkefni, fyrirlestrar eða umræðupunktur í bekknum í heild eða litlum hópum:

Í upphafi sögu segist Theodóra vera komin í „gin ljónsins“. Hvað á hún við með því? Hvers vegna er hún glöð yfir að vera komin til Kaupmannahafnar? Hún segir að hættur séu henni að skapi. Hvaða hættur á hún við með því? Hvaða hættur eru þetta sem hún er tilbúin til að takast á við?

Neðst á bls. 8 segir Theodóra að „[Í]slenskar eiginkonur og mæður eru ekki frjálssar, ...“ og tekur ýmis dæmi því til stuðnings. Hvað á hún við með þessu? Finnið fleiri dæmi en Theodóra tekur. eru mæður nútímans t.d. frjálssar? Rökstyðjið skoðun ykkar.

Theodóra segist sakna húsfreyjunnar á Bessastöðum. Hver er þessi húsfreyja? Hvers vegna saknar hún hennar?

Þegar Theodóra spyr mann sinn um það hvort hún hafi verið sett í þennan heim til að staga svarar hann: „Þú verður að svara því sjálf, er það ekki?“ Hvers vegna svarar hann henni á þennan hátt?

Á sama stað segir að Skúli sé tregur við að leiðsegja konu sinni. Hvað segir það ykkur um persónu Skúla? Hvað segir það um samband þeirra hjóna? Skrifnið stutta persónulýsingu á Skúla með þetta í huga.

Í þessum kafla veltir Theodóra fyrir sér frelsinu og spyr sjálfa sig hvort maðurinn geti verið frjálss innan um stórhýsi eins og er að finna í Kaupmannahöfn á þessum tíma. Hún telur frelsið geta leynst alstaðar, fyrir þann sem leitar þess. Ertu sammála eða ósammála þessari fullyrðingu? Rökstyðjið þessa skoðun.

Hvað er frelsi? Hér má ræða hugtakið út frá nútímaaðstæðum; EES, AGS, skuldum heimilanna og ríkisins o.s.frv.

Á bls. 13 segir: „Íslensk stjórnvöld munu þurfa að horfa upp á afleiðingar gerða sinna.“ Skoðið þessa fullyrðingu Skúla út frá því sem er að gerast á Íslandi árin 2008/2009.

Í lok 1. hluta þessa kafla segir Theodóra: „Þú skalt ekki heilla mig, Kaupmannahöfn, ... Ég hef séð þá áður álfhólana án þess að stíga inn.“ Hvað á hún við með þessum orðum?

Á bls. 12 segir: „Auðæfin góna valdsmannslega á hana úr hverjum glugga...“ og „Hún er ekki óvingjarnleg þessi borg, ...“. Hvað heitir þetta stílbragð? Útskýrið.

Finnið mynd af Theodóru og Skúla.

Reynið að finna mynd (ljósmynd eða aðrar myndir) af Reykjavík frá þessum tíma. Gaman væri að vera í samstarfi við eitthvert listasafn og/eða Ljósmyndasafn Reykjavíkur til að sjá hvernig borgin (bærinn) lítur út á þessum tíma og jafnvel til að sjá hvað er að gerast í myndlist á þessum tíma.

Merking orða og orðsifjar:

Útskýrið merkingu eftirfarandi orða og finnið út uppruna þeirra eða orðsifjar:

- Stórbokkar
- Pótintátar
- Seigla
- Að staga
- Að stæla (til að stæla viljann)

Í samvinnu við dönskukennarann:

- Skoðið sögu Kaupmannahafnar og reynið að finna myndir frá þessum tíma. Hvað er að gerast í borginni þetta vor 1908?
- Er Grand Hotel Nissen enn þá til?
- En Holbergsgata? Ef svo er, hvað stendur nú við Holbergsgötu 14?
- Er Hotel Kongen af Danmark til enn þá? Ef svo er, hvar stendur það?

Í samvinnu við sögukennarann:

- Hvað finnið þið um sögu skipsins Ceres? Finnið þið mynd af skipinu?
- Hvert var hlutverk nefndarmanna alþingis?
- Í þessum kafla er sagt frá stórsigri íslenskra kvenna í bæjarstjórnarkosningum í Reykjavík. Hvaða stórsigur er þetta? Hvað er að gerast í bæjarpólitíkinni í Reykjavík á þessum tíma?
- Skoðið Þjóðviljann (á timarit.is) og finnið fréttir af því tagi sem sagt er frá í sögunni;
 - deilum á breska þinginu,
 - fréttir af svertingjakónginum í Dahomey.
 - skotárás á portúgalska konunginn.
- Hvað heitir innanríkisráðherra Frakklands á þessum tíma? Hvernig er ástandið í Tanganíku? Hvar er Tanganíka?
- Í sögunni ber Theodóra alltaf bláhvítan fána í barminum. Hvernig er þessi fáni? Hvaða fáni er þetta?

Eftirfarandi verkefni geta verið ritunarverkefni, fyrirlestrar eða umræðupunktur í bekknum í heild eða litlum hópum:

Hvað merkir að mæla fyrir minni einhvers?

Kynnið ykkur Jónas Hallgrímsson. Getið þið ímyndað ykkur hvers vegna Hannes Hafstein (og fleiri) hafa slíkt dálæti á Jónasi? Hvernig passar skáldskapur Jónasar inn í tíðarandann á sögutímanum? Rökstyðjið?

Á bls. 18-19 stendur: „Um kvöldið segir hún við Skúla: Mikið er ég fegin að þú þarfnast þess ekki svona ákaflega að öllum líki við þig. / Þú segir það. Er ég ekki stjórnmalamaður samt? Stöðugt að biðja um atkvæði og stuðning? Ég held að þú eigir frekar við sjálfa þig, bætir hann við og horfir á hana með svipnum sem hún veit aldrei hvort er stríðni eða alvara.“ Veltið fyrir ykkur þessum orðum Skúla. Hvað meinar hann með þeim? Rökstyðjið.

Hvað er lestrarfélag? Kynnið ykkur starfsemi lestrarfélaga á Íslandi.

Í bókinni er oft talað um það hversu myndarlegur Hannes Hafstein sé. Finnið mynd af honum. Eruð þið sammála? Af hverju/af hverju ekki? Finnst ykkur hann t.d. á einhvern hátt myndarlegri en Skúli? Rökstyðjið.

Merking orða og orðsifjar:

Útskýrið merkingu eftirfarandi orða og finnið út uppruna þeirra eða orðsifjar:

- Gaupnir
- Grillur
- Hypnótískur

Í samvinnu við sögukennarann:

- Á bls. 15 er talað um stórsókn Þjóðverja yfir Ardennaskóginn. Hvaða bardagi er þetta? Hvenær var hann? Segið stuttlega frá þessari stórsókn.

Eftirfarandi verkefni geta verið ritunarverkefni, fyrirlestrar eða umræðupunktur í bekknum í heild eða litlum hópum:

Hvað er Viktoríuhnútur?

Kynnið ykkur Þorvald Thoroddsen og verk hans.

Hvað finnið þið um Ásthildi Thorsteinsson t.d. á netinu? Hér má velta fyrir sér hvers vegna svo lítið finnst um Ásthildi en mikið t.d. um eiginmann hennar.

Merking orða og orðsifjar:

Útskýrið merkingu eftirfarandi orða og finnið út uppruna þeirra eða orðsifjar:

- Að hýrna
- Baldin
- Að snupra
- Ókapí
- Nóta (bls. 23)
- Að fjargviðrast
- Kankvís

Í samvinnu við dönskukennarann:

- Skriðið um Amalúborg og finnið myndir þaðan (helst gamlar). Fjallið einnig um konungsfjölskylduna eins og hún leit út árið 1908 og athugið hvort þið getið fundið eitthvað um danskar, konunglegar veislur frá því á árum áður.

ANARKÍ

– 1 –

Eftirfarandi verkefni geta verið ritunarverkefni, fyrirlestrar eða umræðupunktur í bekknum í heild eða litlum hópum:

Í byrjun kaflans er sagt frá dóttur Theodóru og Skúla sem gengur menntavegin og fer seinna á þing. Hvaða dóttir er þetta? Fjallið í stuttu máli um þessa konu, menntun hennar og þingferil.

Í þessum kafla er talað um áhyggjur annarra af uppeldisleysi þeirra Thoroddsen-systkina og maður nokkur talar um að þau muni öll fara í hundana. Sögumaður segir okkur þó að sá maður hafi ekki verið sannspár. Skoðið hvað varð um þau systkinin og færið þannig rök fyrir því að uppeldi þeirra hafa ekki verið slæmt.

Fjallið um séra Guðmund Einarsson, föður Theodóru.

Theodóra minnst oft á Vídalínspostillu. Hvað er Vídalínspostilla? Gerið grein fyrir þessu verki. Af hverju ætli Theodóru finnist það svona ljótt og leiðinlegt rit?

Theodóra hefur oft lesið fornaldarsögur Norðurlanda, Þjóðsögur Jóns Árnasonar, Pilt og stúlku og Ívar hlújárn. Kynnið ykkur þessar sögur og lesið nokkrar fornaldarsögur og þjóðsögur. Hvers vegna haldið þið að þessar sögur hafi frekar höfðað til Theodóru?

Hvað er lokrekkja? Reynið að finna mynd af lokrekkju eða teiknið hana upp eftir lýsingum. Hvað á höfundur við þegar hann talar um lokrekkju hugans?

Merking orða og orðsifjar:

Útskýrið merkingu eftirfarandi orða/orðasambanda og finnið út uppruna þeirra eða orðsifjar:

- Anarkí
- Að slampast
- Hugarvíl
- Að hirta
- Að vera maður eigi einhamur
- Hörgull
- Kynngi
- Að dandalast

Í samvinnu við sögukennarann:

- Hvernig var menntamálum á Íslandi hagað á þessum árum? Skoðið tölur um þá sem gengu menntavegin (t.d. í Hagskinnu) og skoðið muninn á körlum og konum hvað það varðar. Af hverju var ekki gert ráð fyrir að konur gengju menntavegin?
- Neðarlega á bls. 31 segir að heimurinn hafið vaxið og vaxið á öldinni sem nú er liðin og að Þjóðviljinn fræði lesendur sína um það. Finnið a.m.k. þrjár greinar í Þjóðviljanum frá þessum tíma sem segja frá fjarlægum löndum.
- Á næstu blaðsíðu er sagt að litlar þjóðir um allan heim rísi upp gegn hinum fornu og ósigranlegu heimsveldum og velgja þeim undir uggum. Finnið dæmi um þessar þjóðir og hvernig sjálfstæðisbarátta þeirra gekk.

– 2 –

Eftirfarandi verkefni geta verið ritunarverkefni, fyrirlestrar eða umræðupunktur í bekknum í heild eða litlum hópum:

Merking orða og orðsifjar:

Útskýrið merkingu eftirfarandi orða/orðasambanda og finnið út uppruna þeirra eða orðsifjar:

- Loftballón
- Derringur
- Glópar

Í samvinnu við dönskukennarann:

- Í upphafi 2. hluta er minnst á þinghús á Bredgade. Kynnið ykkur sögu þessa húss og skoðið myndir af því.

Í samvinnu við sögukennarann:

- Á bls. 34 er sagt frá því að Danir séu ósvífnir og hafir dregið fram reikningsskilaútreikninga sem áttu að vera síðbúið svar við kröfum Jóns Sigurðssonar. Hvaða kröfur voru það sem Jón Sigurðsson hafði sett fram? Hvaða reikningsskilaútreikningar eru það sem Danir draga þarna fram?

Eftirfarandi verkefni geta verið ritunarverkefni, fyrirlestrar eða umræðupunktur í bekknum í heild eða litlum hópum:

Hvað er skautbúningur? Kynnið ykkur skautbúninga og finnið mynd af honum.

Hvers vegna verður Hannesi Hafstein eins hverft við og lýst er í bókinni þegar hann sér bláhvíta fánann í barmi Theodóru? Hvað er átt við með orðalaginu „hátignarmóðgun“?

Theodóra virðist ekki hafa mikið álit á kóngafólki og segir það komna af sömu hellibúunum og aðra. Ertu sammála eða ósammála þessari fullyrðingu? Rökstyðjið svarið.

Í þessum hluta sögunnar segir Theodóra að ekkert sé ógnvænlegra en kvennamening. Hvað meinar hún með þessu? Hvers vegna finnst henni þetta? Hvað segir það um Theodóru? Skoðið smásöguna Bolladómar eftir Theodóru.

Á bls. 39 segir Ragnheiður Hafstein: „Mig langar frekar að vera manneskja en fullkomin ráðherrafrú.“ Hvað meinar hún með þessu? Hvað segja þessi orð um Ragnheiði Hafstein.

Á sömu blaðsíðu segir frú Hafstein: „Þið eruð sjálfum ykkur næg.“ og á þá við Theodóru og Skúla. Hvað meinar hún með þessum orðum. Finnst ykkur hún jákvæð eða neikvæð í þessum ummælum sínum? Rökstyðjið svarið.

Enn af frú Hafstein: „En hann er nú samt bara maður.“ segir Ragnheiður um eiginmann sinn. Hvað á hún við? Hvernig kemur samband Hannesar og Ragnheiðar ykkur fyrir sjónir eftir að hafa lesið þetta samtal kvennanna? Rökstyðjið svarið.

Theodóra talar um að aðdáun fólks á sambandi þeirra Skúla gæti verið þungbær. Hvers vegna? Hvað meinar hún með þessum orðum? Rökstyðjið svarið.

„Drottningin bjó í heimi guðanna en ekki í mannheimi.“ Þetta segir Theodóra um Lovísu drottningu. Hvað meinar hún með þessum orðum? Finnst ykkur Theodóra einlæg þegar hún segir við sjálfa sig að hún hafi ekki áhuga á að búa í heimi Lovísu drottningar? Rökstyðjið svarið við báðum spurningunum.

Merking orða og orðsifjar:

Útskýrið merkingu eftirfarandi orða/orðasambanda og finnið út uppruna þeirra eða orðsifjar:

- Proppfullur
- Fauskur
- Prinsippmenn

Í samvinnu við dönsku- og/eða sögukennarann:

- Hvað er geheimeetatsráð og geheimekonferensráð? Reynið að komast að því hverjir báru slíka titla árið 1908.

– 4 –

Eftirfarandi verkefni geta verið ritunarverkefni, fyrirlestrar eða umræðupunktur í bekknum í heild eða litlum hópum:

Skúli segir að allur heimurinn sé eitt land. Eruð þið sammála eða ósammála þessari skoðun hans? Rökstyðjið svarið.

Í þessum hluta er talað um alræmda för Skúla til Rúðuborgar. Hvaða borg er það sem kölluð er Rúðuborg á íslensku? Kynnið ykkur þessa ferð Skúla til Rúðuborgar og hvers vegna hún var kölluð alræmd.

Í gönguferð um borgina finnur Theodóra til frelsis, hún er frjálst „frá öllu því sem gerir líf hennar erfitt og gefur því gildi.“ Fjallið stuttlega um andstæðurnar í þessari setningu. Skiljið þið þessa hugsun? Rökstyðjið svarið.

„Ekkert skiptir hana meira máli en frelsi.“ Eruð þið sammála eða ósammála þessari skoðun Theodóru? Rökstyðjið svarið.

„En fólk sem hefur verið frjálst áratugum saman getur ekki skilið mikilvægi þess að vera ekki rígbundinn í klafa einhvers.“ Eruð þið sammála eða ósammála þessari fullyrðingu? Rökstyðjið svarið.

„Á Íslandi hafa menn mikinn áhuga á alls kyns sæfinnum og dúllurum sem eru sérvitir eða skrítnir. Fyrir því er þó ekki borin nein virðing, þessir menn eru eins og hvert annað skemmtiatriði.“ Finnst ykkur þetta vera enn svona? Takið dæmi til að færa rök fyrir máli ykkar. „Margir tala um frelsi en þola samt illa að aðrir geri hlutina öðruvísi en þeir sjálfir.“ Er þetta enn svona? Rökstyðjið svarið.

Fyrir miðri blaðsíðu 43 er velt upp mörgum spurningum um frelsi. Svarið þessum spurningum fyrir ykkur sjálf og færið rök fyrir máli ykkar.

Theodóra segir Ásthildi systur sína hafa allt annan skilning á orðinu *ævintýri* en hún. Hvað meinar hún? Hvaða ólíka skilning leggja þær systur í orðið? Theodóra segir að hún sé Egill en Ásthildur Þórólfur. Til hvaða manna er hún að vísa? Skrifðu stutta persónulýsingu á Ásthildi út frá því sem fram kemur um hana í þessum kafla.

Í þessum hluta er í fyrsta skipti minnst á Mugg, son Ásthildar og Péturs Thorsteinssonar. Fjallið um Mugg og verk hans.

Theodóra segist alltaf vera eins og umskiptingur. Hvað er umskiptingur og hvað meinar hún með þessu?

Finnið fréttir af illvirkjum og ódáðum í Þjóðviljanum frá þessum tíma.

„Sennilega eru þau hjónin svolítið rómantísk. Þau trúu þrátt fyrir allt á hetjuskap og að heimurinn verði fyrr eða síðar réttlátur.“ Hver er ykkar trú á heiminn? Rökstyðjið svarið.

Hvað haldið þið að þau hjónin segðu um heiminn í dag, ef þau kæmu í heimsókn í tímavél? Rökstyðjið svarið.

Merking orða og orðsifjar:

Útskýrið merkingu eftirfarandi orða/orðasambanda og finnið út uppruna þeirra eða orðsifjar:

- Klafar
- Dúllarar
- Sæfinnur
- Kímlegt
- Broddborgari/broddborgaraheimili
- Kreðsur

SJÁLFSTÆÐIÐ

– 1 –

Eftirfarandi verkefni geta verið ritunarverkefni, fyrirlestrar eða umræðupunktur í bekknum í heild eða litlum hópum:

Hvað er tilberi? Hverjir eru tilberarnir í veröld Skúla sem soga úr honum allan kraft?

Þorvaldur, bróðir Skúla, er þekktur vísindamaður um alla Evrópu. Fjallið stuttlega um hann og verk hans.

Kynnið ykkur Jón Thoroddsen og verk hans, Pilt og stúlku.

Boðskapur Þorvalds, bróður Skúla, er skýr þegar kemur að Íslendingum: „Í hans augum voru Íslendingar flokkur heimtufrekra smábarna sem ekkert vissi hvað þeim væri fyrir bestu.“ Ertu sammála eða ósammála þessari skoðun? Ef þú hugsar um Íslendinga dagsins í dag, finnst þér þessi skoðun eiga betur við en áður? Rökstyðjið svarið.

Merking orða og orðsifjar:

Útskýrið merkingu eftirfarandi orða/orðasambanda og finnið út uppruna þeirra eða orðsifjar:

- Stórmógull

Í samvinnu við dönskukennarann:

- Skúli og Theodóra ræða um það að hann og Hannes hafi alltaf staðið í átökum, meira að segja á Garðinum. Hvaða Garður er þetta?

Í samvinnu við sögukennarann:

- Skúli segir að átökin milli hans og Hannesar Hafstein, sem eiga sér stað úti í Kaupmannahöfn þetta vor, séu aðeins byrjunin á átökum þeirra. Skoðið átök og deilur Skúla og Hannesar fyrir og eftir árið 1908.

Eftirfarandi verkefni geta verið ritunarverkefni, fyrirlestrar eða umræðupunktur í bekknum í heild eða litlum hópum:

Í þessum kafla er talað um Bríet nokkra. Hvaða Bríet er þetta? Kynnið ykkur sögu þessara merkilegu konu.

Í þessum hluta er fjallað um nokkra merka menn. Fjallið stuttlega um tvo þeirra; Finn Jónsson prófessor og Valtý Guðmundsson. Einnig er sagt frá þeim sem eru Valtýingar. Hverjir voru þeir og hvað merkti það að vera Valtýingur?

Merking orða og orðsifjar:

Útskýrið merkingu eftirfarandi orða/orðasambanda og finnið út uppruna þeirra eða orðsifjar:

- Dalalæða
- Eldibrandur

Í samvinnu við sögukennarann:

- Í þessum hluta er sagt frá Þingvallafundinum og blaðamannaávarpinu frá 1907. Kynnið ykkur vel fundinn, hvaða kröfur voru lagðar þar fram og blaðamannaávarpið.
- Sagt er frá því að Finnur Jónsson hafi veikst af taugaveiki. Hvers konar sjúkdómur er taugaveiki?

Eftirfarandi verkefni geta verið ritunarverkefni, fyrirlestrar eða umræðupunktur í bekknum í heild eða litlum hópum:

Theodóra, Skúli, Þorvaldur og Finnur ræða málin og eru alls ekki sammála um ýmsa hluti. Finnur hefur áhyggjur af landvörnunum þegar Íslendingar verða sjálfstæðir en Skúli segir að best að enginn her sé í landinu – eða annars staðar í heiminum. Eruð þið sammála honum? Eru það draumórar eða raunhæfur möguleiki að heimurinn sé herlaus? Rökstyðjið svarið.

Sem fyrr talar Skúli um það að ef valdið færist til Íslendinga breytist allt vegna þess m.a. að Hannes Hafstein þurfi að horfa framan í venjulega Íslendinga eftir að hafa tekið ákvarðanir. Sjáið þið líkindin með þessari skoðun Skúla og Evrópusambandsumræðu dagsins í dag. Rökstyðjið svarið.

Finnur efast um að Íslendingar hafi nokkurt vit á utanríkismálum. Eruð þið sammála eða ósammála Finni? Rökstyðjið svarið. Reynið að finna eitthvað sem bæði styður og hrekur þessa skoðun.

Finnur talar um Fjölnismenn í vandlætینگartón. Kynnið ykkur Fjölnismenn. Hvers vegna hefur Finnur svo lítið álit á þeim?

Finnur segir þá Reykvíkinga tryllast þegar þeir komi á Þingvelli „...og fari að álykta út og suður eins og þeir Gunnar, Héðinn og Njáll ...“. Hvaða menn eru þetta og til hvers er Finnur að vísa þarna?

Theodóru finnst Finnur ekki hafa mikið álit á Íslendingum en hann er því ósammála. Finnið rök sem styðja skoðun Theodóru annars vegar og Finns hins vegar.

Hægt er að fjalla um ákveðna hluta rökræðunnar milli Skúla og Theodóru annars vegar og Þorvald og Finns hins vegar eða taka þær fyrir í heild sinni, ræða um hverju nemendur séu sammála og hverju ósammála og hugsa um þessa umræðu þeirra út frá sjálfstæði Íslands í dag.

Merking orða og orðsifjar:

Útskýrið merkingu eftirfarandi orða/orðasambanda og finnið út uppruna þeirra eða orðsifjar:

- Grillufangarar
- Dílettant
- Forræderi
- Patriót
- Fjörbrot

Í samvinnu við sögukennarann:

- Finnur Jónsson prófessor efast um að Danir muni nokkurn tíma skila handritunum. Þar reyndist hann ekki sannspár. Hvenær skiluðu Danir handritunum og hvaða handritum skiluðu þeir?
- Finni finnst lítið til Reykjavíkur koma. Reynið að finna lýsingu og myndir af Reykjavík frá þessum tíma.
- Skúli bendir á að vissulega eigi Reykvíkingar stórhýsi og bendir á Safnahúsið þess til stuðnings. Hvaða hús er þetta?
- Hverjir eru í stjórn og hverjir í stjórnarandstöðu á Íslandi 1908.

– 4 –

Eftirfarandi verkefni geta verið ritunarverkefni, fyrirlestrar eða umræðupunktur í bekknum í heild eða litlum hópum:

Í þessum hluta er sagt frá Jóni Árnasyni, þjóðsagnasafnara. Kynnið ykkur Jón Árnason og söfnun hans á þjóðsögum.

Hvaða skóli er Lærði skólinn?

ELDMÓÐURINN

– 1 –

Eftirfarandi verkefni geta verið ritunarverkefni, fyrirlestrar eða umræðupunktur í bekknum í heild eða litlum hópum:

Theodóra ber með sér steina frá Vestfjörðum og dreifir þeim um hótélherbergið í Kaupmannahöfn. Þegar hún og Skúli hafa verið í Kaupmannahöfn í nokkra daga segist hún hins vegar ekki enn hafa náð valdi yfir herberginu. Hvað á hún við með þessu? Hvernig valdi vill hún ná yfir hótélherberginu?

Theodóra skrifar bréf heim til barnanna og fleiri en hún fær einnig bréf frá börnum sínum. „Klunnalegar rithendur yngstu barnanna fluttu henni tíðindi sem þeim fannst engu ómerkari en sjálfstæði Íslands ...“. Finndu bréf/póstkort sem þú skrifaðir þegar þú varst lítil(l) eða frá einhverju öðru barni. Frá hverju er sagt í þessu bréfi? Muna foreldrar þínir eða afi og amma eftir bréfum frá ykkur eða einhverju öðru barni sem segja frá skemmtilegum, barnslegum minningum.

Theodóra segir fjölskyldu sína frumstæðan ættbálk og að hún sjálf sé frumstæðust af öllum. Hvað á hún við með þessum orðum? Rökstyðjið svarið.

Í þessum kafla er Bjarna frá Vogu lýst. Finnið mynd af honum og fjallið stuttlega um hann.

Fjallið stuttlega um blaðið Ísafold.

Merking orða og orðsifjar:

Útskýrið merkingu eftirfarandi orða/orðasambanda og finnið út uppruna þeirra eða orðsifjar:

- Að koðna niður

Í samvinnu við sögukennarann:

- Ísafoldar-Björn útlistaði kenningar Swedenborgs fyrir Theodóru eitt sinn er þau sátu saman í kvöldverði. Hver er þessi Swedenborg og hverjar voru kenningar hans?
- Skúli segir að Ísafoldar-Björn verði Marat íslensku byltingarinnar. Hver var þessi Marat og hvers vegna tekur Skúli svo til orða?
- Hvað stóð í heimastjórnarlögunum?
- Hverjir voru í ríkisráðinu?
- Hverjir voru Þjóðræðismenn?
- Hverjir voru Landvarnarmenn?

Eftirfarandi verkefni geta verið ritunarverkefni, fyrirlestrar eða umræðupunktur í bekknum í heild eða litlum hópum:

Þegar Skúli kemur heim á hótelið eftir fund þessa dags er hann þungstígur. Búið er að skrifa níu greina samning með lista yfir sameiginleg mál og ýmis ákvæði um meðferð samningsins. Það sem Skúli er hins vegar ekki sáttur við er að í þessum samningi er ekkert uppsagnarákvæði heldur stendur: „Ísland er frjálst og sjálfstætt land sem eigi verður af hendi látið.“ Theodóra reiðist einnig þegar hún heyrir af þessu ákvæði og segir þetta bull. Hvers vegna bregðast þau hjónin svona við þessu? Hvað merkir það að landið verði eigi af hendi látið?

Eftirfarandi verkefni geta verið ritunarverkefni, fyrirlestrar eða umræðupunktur í bekknum í heild eða litlum hópum:

Hvers vegna stendur Ursus undir skeytinu frá Birni Jónssyni og hvers vegna læðist seinna að þeim grunur um að Bjarni frá Vogu hafa sjálfur sent sér þetta skeyti?

Í þessum hluta er minnst á ýmis blöð sem gefin eru út á Íslandi á þessum tíma, m.a. Ingólf, Dagfara og Fjallkonuna. Kynnið ykkur þessi blöð og útgáfu þeirra.

Ari Arnalds segir að Hannes Hafstein sé orðinn feitur og latur og vilja tryggja eigin stöðu. Skúli svarar þá að það séu þeir nú fleiri. Við hverja á hann? Rökstyðjið svarið. Skoðið myndir af íslenskum alþingismönnum frá þessum tíma t.d. í Öldinni okkar.

Hvað merkir að vera genginn í björg? Hvað á Ari við þegar hann segir að Stefán og Jóhannes séu gengnir í björg?

„Eitt andartak er Bjarni orðinn Ingjaldur í Hergilsey, nokkrum mínútum síðar er Theodóra Steinvör úr Sandgili og Ari verður þá Illugi, bróðir Grettis.“ Hvaða persónur eru þetta sem þeim er líkt við, í hvaða sögum koma þær fyrir og hvers vegna er þeim líkt við þessar persónur? Rökstyðjið svarið.

Í samvinnu við sögukennarann:

- Bjarni frá Vogu hittir þau hjónin á hótélherberginu á Grand Hotel Nissen og Theodóra líkir honum við Sesar nýkominn frá Gallíu. Hvers vegna þessi líking? Hvað merkir Alea iacta est?

Eftirfarandi verkefni geta verið ritunarverkefni, fyrirlestrar eða umræðupunktur í bekknum í heild eða litlum hópum:

Í þessum hluta er talað um Skúlamálið svo kallaða. Kynnið ykkur þetta mál vel, út á hvað það gekk o.s.frv. Hvað er t.d. meint með því að endalausar aðfinnslur og hótanir hafi borist að sunnan? Hvað er átt við með því að Ísfirðingar hafi ekki tekið þessu þegjandi og hljóðalaust?

Skrifið stutta persónulýsingu á Hannesi Hafstein eftir lestur þessa kafla. Hvernig kemur hann ykkur fyrir sjónir?

Merking orða og orðsifjar:

Útskýrið merkingu eftirfarandi orða/orðasambanda og finnið út uppruna þeirra eða orðsifjar:

- Harðýðgi

KAPÍTALISTINN

– 1 –

Eftirfarandi verkefni geta verið ritunarverkefni, fyrirlestrar eða umræðupunktur í bekknum í heild eða litlum hópum:

Theodóra sker ostinn fyrir mann sinn sem ekki kann að skera ost. Í Danmörku er hins vegar til tól sem Theodóra er viss um að meira segja Skúli gæti notað til að skera ost, svokallaður ostaskeri. Reynið að finna út fleiri hversdagsleg áhöld sem ekki voru til á þessum árum en við gætum ekki hugsað okkur að vera án nú í dag.

Í breytingatillögunni sem Skúli ætlar að leggja fyrir nefndina þennan dag er ákvæði sem segir að segja megi öllu upp nema konungssambandinu. Þetta ákvæði telur hann það mikilvægasta. Hvers vegna?

Skúli leggur einnig til að kaupfáninn verði ekki sameiginlegur. Hvað er kaupfáni og hvers vegna skiptir það Skúla svo miklu máli að hann sé ekki sameiginlegur.

„Í stað þess að það standi að Ísland sé frjálst og sjálfstætt land vill hann nota frjálst og fullveðja ríki. Í stað ríkjasambands vill hann fá ríkjafélag.“ Hverju breytir þessi orðabreyting? Rökstyðjið svarið.

„Og síðast en ekki síst vill hann burt setninguna um að Ísland verði eigi að hendi látið.“ Hvers vegna er Skúla svo mjög í mun að þessi setning sé ekki inni í tillögunni sem lögð verður fyrir? Rökstyðjið svarið.

Theodóra virðir fyrir sér skúlptúr af Gefjuni og nautum hennar sem rifu Sjáland frá Skáni samkvæmd Gylfaginningu. Hvað er Gylfaginning? Finnið söguna af Gefjuni og nautunum í Gylfaginningu. Kannist þið við íslenskar sögur af svipuðum atburðum?

„Eiginmaður þinn er hálfgerður kapítalist eins og við,...“ segir annar Tulinusbræðranna við Theodóru. Hún verður steinhissa því aldrei hefur hún litið á mann sinn sem kapítalista. Hvað merkir orðið kapítalisti? Eruð þið sammála Tulinusbræðrum? Rökstyðjið svarið.

Í samvinnu við dönskukennarann:

- Kynnið ykkur sögu Tívolísins í Kaupmannahöfn.
- Kynnið ykkur sögu Striksins og Löngulínu. Skoðið kort af Kaupmannahöfn og athugið hvar þessar götu eru.
- Við Löngulínu stendur skúlptúr af Gefjuni og nautunum fjórum í miðjum gosbrunni. Finnið mynd af þessum gosbrunni og höggmyndinni. Hver er höfundur þessa skúlptúrs? Stendur hann enn? Lesið söguna um Gefjuni og nautin á dönsku.
- Kynnið ykkur sögu Carlsbergbrugghúsanna.

Í samvinnu við sögukennarann:

- Í þessum hluta er minnst á Tuliniusbræður. Kynnið ykkur sögu þessara bræðra og uppbygginguna á Eskifirði.

– 2 –

Eftirfarandi verkefni geta verið ritunarverkefni, fyrirlestrar eða umræðupunktur í bekknum í heild eða litlum hópum:

„...að Hannes Hafstein verður síðar átrúnaðargoð íslenskar viðskiptajöfra, [...] var svo ósýnt um fjármál að ríkið þurfti að taka yfir stórhýsi hans og gera að opinberum ráðherrabústað.“ Hvar stendur þetta hús í dag? Kynnið ykkur sögu hússins.

Theodóra selur allar eigur þeirra hjóna áður en hún deyr vegna þess að hún vill ekki nokkur erfi neitt eftir þau hjónin. Hvers vegna vill hún það ekki? Rökstyðjið svarið.

Theodóra segir að alltaf hafi blundað í henni egóisti, hún hafi aldrei ætlað sér að vera ofurmóðir þótt enginn geti sagt að hún standi sig illa í móðurhlutverkinu. Eruð þið sammála þessu? Finnst ykkur Theodóra vera egóisti?

Theodóra talar um að hún hafi sólundað arfinum eftir mann sinn eins og Unnur Marðardóttir endurborin. Hver er Unnur Marðardóttir og hver er saga hennar?

Theodóra lét reisa manni sínum risastóran og reisulegan bautastein úr vestfirsku grjóti sem ennþá gnæfir yfir alla aðra steina í norðausturhorni Hólavallakirkjugarðs. Hvað er bautasteinninn? Skoðið þennan bautastein eða mynd af honum.

Eftirfarandi verkefni geta verið ritunarverkefni, fyrirlestrar eða umræðupunktur í bekknum í heild eða litlum hópum:

Þegar Skúli sýnir hinum nefndarmönnum breytingartillögu sína bregðast þeir ókvæða við og tala um hann sem sérlundaðan, leiðinlegan og erfiðan svo eitthvað sé nefnt. Eruð þið sammála hinum nefndarmönnum? Er þetta óþarfa smámunasemi í Skúla? Finnst ykkur að hann hefði átt að standa með hópnum? Hvaða augum líta menn sérskoðanir t.d. þingmanna í nútímanum?

„Og að lokum er doktor Valtýr dreginn fram eins og Jesaja spámaður.“ Hver var Jesaja? Útskýrið þennan samanburð.

Merking orða og orðsifjar:

Útskýrið merkingu eftirfarandi orða/orðasambanda og finnið út uppruna þeirra eða orðsifjar:

- Að bera ægishjálms yfir einhverja

Eftirfarandi verkefni geta verið ritunarverkefni, fyrirlestrar eða umræðupunktur í bekknum í heild eða litlum hópum:

Theodóra er reið hinum nefndarmönnum þegar Skúli kemur heim af fundinum og segir henni frá viðbrögðum þeirra. Hún neitar að gefast upp og henni finnst hana vanta ekkert nema silfursjóð til að reka á nasir Hannesi Hafstein og segja honum að hann sé vesall maður. Til hvaða silfursjóðs er vísað hér?

OPÍUM

– 1 –

Eftirfarandi verkefni geta verið ritunarverkefni, fyrirlestrar eða umræðupunktur í bekknum í heild eða litlum hópum:

Hvernig breytist sjónarhorn sögumanns í þessum kafla? Breyta þessi sjónarhornsskipti skoðunum ykkar á Skúla eða Theodóru að einhverju leyti? Ef svo er, hvernig? Rökstyðjið svarið.

Í samvinnu við sögukennarann:

- Hver er þessi Livingstone sem Skúli heldur að hann sé þegar hann vaknar upp á spítalanum?

– 2 –

Eftirfarandi verkefni geta verið ritunarverkefni, fyrirlestrar eða umræðupunktur í bekknum í heild eða litlum hópum:

Í þessum hluta er sagt frá því að Skúli sé á allra vörum á Íslandi, enginn sé umtalaðri en hann. Finnið umfjöllun um Skúla í blöðum frá þessum tíma (t.d. á timarit.is). Frá hverju er sagt þar?

Merking orða og orðsifjar:

Útskýrið merkingu eftirfarandi orða/orðasambanda og finnið út uppruna þeirra eða orðsifjar:

- Að lempa

Eftirfarandi verkefni geta verið ritunarverkefni, fyrirlestrar eða umræðupunktur í bekknum í heild eða litlum hópum:

Theodóru langar ekkert til að vera Guðrún Ósvífursdóttir. Hver er hún og hvers vegna langar hana ekki til að vera eins og hún? Rökstyðjið svarið.

Hvað er átt við með orðinu frater þegar Þorvaldur kallar bróður sinn Skúla frater.

Þorvaldur virðist kenna Theodóru að nokkru um það hversu róttækur Skúli er. Haldið þið að hann hafi eitthvað til síns máls, að Theodóra hafi haft þessi áhrif á Skúla? Rökstyðjið svarið.

Merking orða og orðsifjar:

Útskýrið merkingu eftirfarandi orða/orðasambanda og finnið út uppruna þeirra eða orðsifjar:

- Óbilgirni
- Ásteytingarsteinn
- Fallít
- Úlfúð

Eftirfarandi verkefni geta verið ritunarverkefni, fyrirlestrar eða umræðupunktur í bekknum í heild eða litlum hópum:

„Það sem enginn skilur er að hann forðast ekki fólk vegna þess að honum standi á sama um það. Hann forðast það einmitt vegna þess að honum er ekki sama.“ Hvað er átt við með þessu? Rökstyðjið svarið.

Hvers vegna finnst Skúla auðveldara að búa til lagafrumvörð og færa Íslendingum heimsfréttir en að tala við sína nánustu? Rökstyðjið svarið.

Í samvinnu við sögukennarann:

- Hver er Sverrir konungar sem hrifsaði til sín Noregskrúnuna? Fjallið um hann.
- Í bókinni kynnumst við Skúla eftir að hann er orðinn veikur og hann nota m.a. ópíum til að lina kvalirnar. Skrifjið um sögu ópíums og ræktunar.

Eftirfarandi verkefni geta verið ritunarverkefni, fyrirlestrar eða umræðupunktur í bekknum í heild eða litlum hópum:

Fjallið um Krók-Álf Bassason.

Fjallið um Þórunni á Grund sem lét drepa Kristján skrifara.

Fjallið um Ólaf Tryggvason konung og andstæðinga hans.

„Sigurvegararnir eru nú skammaðir eins og hundar þó að þeir sjái engin líkindi með því hvernig Björn og Bjarni fara með þá núna og hinu hvernig þeir sjálfir króðu Skúla af fyrir rétt tæpum mánuði ...“. Sjáið þið líkindin með því? Rökstyðjið svarið.

Í þessum hluta er talað um tvær fylkingar í íslenskum stjórnámálum þessa tíma. Finnst ykkur mega greina svipaða skiptingu í stjórnámálunum í dag? Rökstyðjið svarið.

Merking orða og orðsifjar:

Útskýrið merkingu eftirfarandi orða/orðasambanda og finnið út uppruna þeirra eða orðsifjar:

- Skarr
- Sjakket (sjakketklæddur)
- Senator
- Eimyrja
- Ganga svipugöngin

Í samvinnu við enskukennarann:

- Fjallið um William Shakespeare og leikrit hans.

Í samvinnu við frönskukennarann:

- Skrifðið um frönsku byltinguna. Hvaða líkindi eru með henni og kosningunum 1908 á Íslandi?

Í samvinnu við sögukennarann:

- „Íslenskar uppreisnir eru fáar og undarlegar...“ Hverjar eru þessar uppreisnir og hvers vegna eru þær undarlegar?
- Fjallið um Jörund hundadagakonung. Hvað er átt við með því að Íslendingar hafi tekið honum sem hverri annarri sumarafþreyingu?
- Fjallið um Trampe greifa.

- Fjallið um kosningar á Íslandi í upphafi 20. aldar og berið þær saman við kosningar á Norðurlöndum.
- Í kaflanum *Eldmóðurinn* segir Skúli að Ísafoldar-Björn sé Marat. Hér er sagt að Bjarni frá Voggi sé Danton og Benedikt Sveinsson Desmoulins. Hverjir eru þeir og hvers vegna er tekið svo til orða?
- Bjarni frá Voggi vitnar í Hóras. Fjallið um Hóras.

– 2 –

Eftirfarandi verkefni geta verið ritunarverkefni, fyrirlestrar eða umræðupunktur í bekknum í heild eða litlum hópum:

Í bókinni er oft fjallað um hjónaband Theodóru og Skúla og Theodóra og fleiri velta því oft fyrir sér hvernig það sé. Teljið þið hjónaband þeirra vera fyrirmyndarhjónaband? Hvers vegna/hvers vegna ekki? Rökstyðjið svarið.

Á meðan Skúli liggur á spítalanum veltir Theodóra fyrir sér hvort öll áreynsla hans hafi verið óþörf, hann hafi misst heilsuna fyrir smámuni. Hvað finnst ykkur? Skipti andstaða Skúla við frumvarpið máli? Rökstyðjið svarið.

Matthías Jochumsson, frændi Theodóru, býr á Sigurhæðum á Akureyri. Farið í heimsókn þangað eða skoðið heimasíðuna <http://www.skaldhus.akureyri.is/> og fjallið um Matthías og húsið.

– 3 –

Eftirfarandi verkefni geta verið ritunarverkefni, fyrirlestrar eða umræðupunktur í bekknum í heild eða litlum hópum:

Í þessum hluta segir frá því að Theodóra hafi sett kveðskap sinn á prent. Finnið kvæði eftir Theodóru, lesið þau og fjallið um þau.

Skoðið fréttáflutning frá útifundinum mikla í barnskólalapotinu (t.d. á timarit.is).

Í samvinnu við sögukennarann:

- Ýmislegt er að gerast í heiminum á þessum umbrotatímum á Íslandi. „Í Tyrklandi er hálfgerð bylting svokallaðra ungtyrkja í uppsiglingu og veldi soldánsins er ógnað.“ Fjallið stuttlega um þessa byltingu ungtyrkja.
- Fleiri eru í uppreisn gegn því sem verið hefur: „Finnar hafa neitað að ganga undir rússneska fánanum á ólympíuleikunum.“ Fjallið um þetta andóf Finna.

Eftirfarandi verkefni geta verið ritunarverkefni, fyrirlestrar eða umræðupunktur í bekknum í heild eða litlum hópum:

Hannes Hafstein boðar til fundar í Bárubúð. Hvar stóð Bárubúð? Reynið að finna mynd af henni.

Björn Jónsson þrumar yfir salnum eins og Jóhannes skírari. Hver var Jóhannes skírari?

Tryggvi, móðurbróðir Hannesar, hlær eins og hann sé sjóræningjaforingi í sögu eftir Stevenson. Fjallið um Stevenson og sögur hans.

„Við höfum verið gabbaðir, hvíslar skólameistarinn að bæjarfógetanum, en tekur ekki fram af hverjum.“ Hver var það sem gabbaði þá? Rökstyðjið svarið.

Sagt er að „... Skúli sé lofaður eins og Gabríel erkiengill.“ Hver var Gabríel erkiengill? Útskýrið þennan samanburð.

Skúli er einnig borinn saman við Gunnar, Héðin og Kjartan Ólafsson. Útskýrið þennan samanburð.

Fjallið um samband Bolla og Kjartans Ólafssonar (úr Laxdæla sögu).

Sagt er frá því að Björn Jónsson og Hannes Hafstein muni hittast á Þjórsárbrúnni í júní þetta ár og þar verði eitt helsta einvígi kosningabaráttunnar. Segið frá þessum fundi á Þjórsárbrúnni.

Hannes skrifar að ágreiningur hans og Skúla sé aðeins orðalag í tveimur eða þremur setningum. Eruð þið sammála? Hvers vegna/hvers vegna ekki? Rökstyðjið svarið.

Merking orða og orðsifjar:

Útskýrið merkingu eftirfarandi orða/orðasambanda og finnið út uppruna þeirra eða orðsifjar:

- Að kveða í kútinn
- Karp um keisarans skegg

Eftirfarandi verkefni geta verið ritunarverkefni, fyrirlestrar eða umræðupunktur í bekknum í heild eða litlum hópum:

Theodóra veltir oft fyrir sér hver saga frk. Munk sé en sú síðarnefnda hverfur eiginlega úr sögunni þegar þau hjónin fara frá Danmörku. Skrifðu ímyndaða sögu frk. Munk.

TRIUMPUS

– 1 –

Eftirfarandi verkefni geta verið ritunarverkefni, fyrirlestrar eða umræðupunktur í bekknum í heild eða litlum hópum:

Flettið upp í Sögu daganna og skoðið hvað þar er sagt um Jónsmessu.

Theodóru verður oft hugsað til drauganna á Bessastöðum. Í þessum hluta telur hún víst að Snorri Sturluson, Sveinbjörn Egilsson og Grímur Thomsen séu þar draugar. Fjallið stuttlega um þessa menn.

Theodóra telur Bessastaði vera stað þar sem draugum líður vel. Hvað meinar hún með því? Hvers vegna ætli draugum líði vel á Bessastöðum?

Trúið þið á drauga? Hvers vegna/hvers vegna ekki?

Arkitekt hússins í Vonarstræti er Rögnvaldur Ólafsson. Fjallið um þennan arkitekt og verk hans.

„Þú ert nú meiri Brynhildurin, ...“ segir Skúli við Theodóru. Hvað á hann við?

Í samvinnu við sögukennarann:

- Sagt er frá skipunum Ceres og Lauru. Fjallið stuttlega um þessi skip.

Eftirfarandi verkefni geta verið ritunarverkefni, fyrirlestrar eða umræðupunktur í bekknum í heild eða litlum hópum:

Haldið er samsæti í Iðnó til heiðurs Theodóru og Skúla. Hvar er Iðnó? Kynnið ykkur sögu þessa húss.

Vene vidi vici segir Bjarni frá Vogu við Theodóru. Hvað merkir þetta og hvers vegna segir hann þetta við hana?

Ungu mennirnir í veislunni segja frá hetjuferð Bjarna um landið og segja að hann hafi „lifað af nokkur snjóflóð og stokkið yfir ófær stórflyót á hreindýrstarfi í mesta hríðarbylnum.“ Til hvers er vísað þarna? (Hér þarf líklega að vísa nemendum í rétta átt, t.d. væri hægt að benda þeim á að lesa hluta úr Pétri Gaut).

Theodóra hefur mikið dálæti á Þorsteini Erlingssyni. Fjallið um hann og ljóð hans Eiðinn.

Þegar líður á veisluna byrja nokkrir ungir menn að syngja Eldgamla Ísafold. Hlustið á þetta lag eða syngið það saman.

Merking orða og orðsifjar:

Útskýrið merkingu eftirfarandi orða/orðasambanda og finnið út uppruna þeirra eða orðsifjar:

- Ódeigur

Í samvinnu við sögukennarann:

- Benedikt Sveinsson vill að Ísland verði lýðveldi eins og Frakkland og Bandaríkin. Fjallið um tilurð þessara lýðvelda
- Bjarna frá Vogu verður tíðrætt um Þemistókles og Leonídas. Hverjir voru þeir?

Eftirfarandi verkefni geta verið ritunarverkefni, fyrirlestrar eða umræðupunktur í bekknum í heild eða litlum hópum:

Þegar Skúli kemur til Ísafjarðar er einnig slegið upp veislu. Þar er sungið um hann kvæði sem Guðmundur skólaskáld hefur ort. Hvernig er þetta kvæði, hver var Guðmundur skólaskáld og hvers vegna var hann kallaður skólaskáld?

Séra Jens Pálsson hefur lesið yfir sig af Jules Verne, finnst Theodóru, og hann talar mikið um Marconi-félagið. Hver var Jules Verne? Hvernig félag var Marconi-félagið?

Theodóra hugsa um orð Brynjólfs biskups í Reykjavíkurför sinni: *Mala domestica graviora sunt lachrimis*. Hvað merkja þessi orð og hvers vegna hefur Theodóra þau í huga í þessari ferð sinni?

Bauja hefur engu gleymt af misgjörðum Lárusar H. Bjarnasonar og er því ekki ánægð þegar sinjórinn ætlar í laganám til hans. Hvaða misgjörðir eru þetta?

Þegar Theodóra flytur frá Bessastöðum kveður hún húsdrauginn, Appólóníu. Síðan segir hún við sjálfa sig: „En kannski flytur maður alltaf draugana með sér, hvort sem maður trúir á þá eða ekki.“ Hvað á hún við? Rökstyðjið svarið.

Í samvinnu við sögukennarann:

- Í þessum hluta er talað um örlaganornirnar. Fjallið um örlaganornir í ýmsum trúarbrögðum. Hvað eiga þær sameiginlegt og hvað skilur þær að?

Merking orða og orðsifjar:

Útskýrið merkingu eftirfarandi orða/orðasambanda og finnið út uppruna þeirra eða orðsifjar:

- Þórðargleði
- Snoppungur

Í samvinnu við sögukennarann:

- „Haustið 1908 er öll Reykjavík undirlögð af spíritisma...“ segir í þessum hluta. Hvað er spíritismi?
- Hvenær fengu konur kosningarétt á Íslandi? En á hinum Norðurlöndunum? Hvenær komst fyrsta konan á þing á Íslandi? Hvaða ár varð kona fyrst ráðherra hér á landi? Hver er fyrsti kvenforsætisráðherrann?

ÓFEIGAR VONIR

– 1 –

Eftirfarandi verkefni geta verið ritunarverkefni, fyrirlestrar eða umræðupunktur í bekknum í heild eða litlum hópum:

Ísafoldar-Björn klæðist miklum loðfeldi eins og hann væri heimskautabjörn á leið til kóngsins í fylgd Auðunar vestfirska. Hver var Auðun vestfirski?

Í samvinnu við sögukennarann:

- Þegar Titanic sekkur vekur það athygli hér á landi eins og annars staðar í heiminum. Kynnið ykkur sögu þessa skips.

– 2 –

Eftirfarandi verkefni geta verið ritunarverkefni, fyrirlestrar eða umræðupunktur í bekknum í heild eða litlum hópum:

Í lok þessa hluta ræða Theodóra saman um drauga og Bessastaði. Theodóra segir Bessastaði engan stað fyrir frjálsan anda. Hvað meinar hún með þessum orðum? Skiljið þið þetta viðhorf hennar? Rökstyðjið svarið.

Skúli segist aldrei hafa séð neina drauga á Bessastöðum en þá segir Theodóra: „Nei, ekki ég heldur, ... En draugar þurfa ekki endilega að sjást til að gera óskunda. Það er þeirra styrkur.“ Hvað á hún við með þessum orðum? Rökstyðjið svarið.

Hvers vegna segist Theodóra ekki hafa séð drauga á Bessastöðum en samt sem áður verið mjög upptekin af draugum hússins eins og Appólóníu og fleirum?

Eftirfarandi verkefni geta verið ritunarverkefni, fyrirlestrar eða umræðupunktur í bekknum í heild eða litlum hópum:

Theodóra setur saman ritgerð utan um vísur sínar, Ofan úr sveitum, og sendir ritstjóra Skírnis. Fjallið um þessa ritgerð, vísurnar og tímaritið Skírni.

Theodóra fær birta vísu eftir sig sem fjallar um stagið sem er eilíft hlutskipti kvenna. Hlustið á þessa vísu (á diskinum *Funa* með Báru Grímsdóttur).

Skodið þulur Theodóru og kynnið ykkur þetta sérstaka form.

Sigurður Nordal hefur sérstakan áhuga á þulum Theodóru. Fjallið stuttlega um Sigurð Nordal og verk hans.

Eftirfarandi verkefni geta verið ritunarverkefni, fyrirlestrar eða umræðupunktur í bekknum í heild eða litlum hópum:

„Sumarið 1913 varð fánadeilan mikla í Reykjavík...“. Um hvað snerist þessi fánadeila?

Skúli telur fullvíst að Theodóra hefði kjarkinn til að skera niður danska fánann við Stjórnarráðið en sagðist samt ætla að reyna að stöðva hana ef hann sæi hana fara út með hníf. Til hvers er vísað þarna?

Þetta sumar deyr Ragnheiður Hafstein og Theodóra yrkir stöku um hetjuskap hennar. Lesið þessa stöku.

ÓRAUNSAEI

– 1 –

Eftirfarandi verkefni geta verið ritunarverkefni, fyrirlestrar eða umræðupunktur í bekknum í heild eða litlum hópum:

Jón Thoroddsen dó ungur úti í Kaupmannahöfn. Eftir hann lá aðeins ein ljóðabók. Skoðið þessa bók og veljið ykkur uppáhaldsljóð.

Um það leyti sem Skúli deyr gefur Theodóra út Þulur sínar. Skoðið þessa bók.

Stuttu síðar gefur hún út smásagnasafn. Kynnið ykkur þetta safn.

Skoðið fréttir frá 1. desember 1918 (og dagana á eftir) (sjá timarit.is).

„Það er ekki fyrr en í rigningunni á Þingvöllum í miðri heimstyrjöld að Íslendingar geta leyft sér að gleðjast yfir því sem hafði í raun gerst 25 árum áður.“ Skoðið fréttir, frásagnir og myndir frá þessum merkilega degi á Þingvöllum.